



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 141/460
komudagur 13.11.2012

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

13. nóvember 2012
Tilvísun: 2012100042/10.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris, 216. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 18. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um útgáfu og meðferð rafeyris.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun 2009/110/EB og átti eftirlitið aðkomu að samningu þess. Fjármálaeftirlitið styður framgang frumvarpsins en gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar þess.

I. Athugasemdir við 5. mgr. 13. gr. frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við hugtakið "hlutur" í 5. mgr. 13. gr. frumvarpsins og telur að "hlutfall" skuli koma í stað orðsins "hlutur" í málsgreininni enda fjallar málsgreinin um það hlutfall rafeyrisfyrirtækis sem notað skal til útgáfu rafeyris. Þá gefur orðið "hlutfall" stærð betur til kynna en orðið "hlutur". Auk þess er ávallt talað um hlutfall í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þegar vísað er til stærðar á eignarhlut.

II. Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins

Í 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvæði VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, gildi um meðferð virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtækjum. Að mati Fjármálaeftirlitsins mætti einnig líta til sömu sjónarmiða við mat á hæfi og fram koma í lögum um fjármálafyrirtæki þrátt fyrir að ekki verði gerðar sömu kröfur og ef um fjármálafyrirtæki væri að ræða. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í 46. gr. frumvarpsins um breytingu á 15. gr. laga um greiðsluþjónustu. Lagt er til að ákvæðið yrði svohljóðandi:

Ákvæði VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, gilda um meðferð virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtækjum og mat á hæfi virks eiganda eftir því sem við á.

Í 4. mgr. 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um tilkynningarskyldu, málsmeðferð, mat á hæfi og þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu. Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við framangreint og lítur svo á að tilkynningarskyldu vegna virks eignarhlutar sé að finna í lagaákvæðinu sjálfu og því óþarfi að setja slíkt í reglur. Einnig er litið svo á að málsmeðferðarreglur sé að finna í stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og því óþarfi að setja þær í reglur. Hins vegar ef með reglum um málsmeðferð er átt við tímafresti sem tilgreindir eru í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 161/2002



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

um fjármálafyrirtæki telur Fjármálaeftirlitið að tilvísun til laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki taki til þeirra tímafresta. Jafnframt telur Fjármálaeftirlitið að ef ákvæði VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki verða einnig látin gilda um mat á hæfi virks eiganda, sbr. athugasemd við 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins, þá verði óþarft að setja reglur um mat á hæfi virks eiganda. Þá hefur Fjármálaeftirlitið þegar sett nánari viðmið um það sem greina þarf í tilkynningu um virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum og greiðslustofnunum og birt á heimasíðu eftirlitsins. Réttast væri því að kveða á um samsvarandi skyldu eftirlitsins til að setja viðmið í stað reglna varðandi rafeyrisfyrirtækin. 4. mgr. 14. gr. yrði þá svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal setja nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu.

III. Athugasemdir við 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsóknin teljist fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið hefur þegar sett nánari viðmið um það sem greina þarf í umsókn um starfsleyfi fjármálafyrirtækja og greiðslustofnanna og birt á heimasíðu eftirlitsins. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri réttast að gera samsvarandi varðandi rafeyrisfyrirtæki, þ.e. að eftirlitið setji nánari viðmið í stað reglna um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn um starfsleyfi. 2. mgr. 18. gr. yrði þá svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið setur nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í umsókn, svo og nauðsynleg fylgigögn, til þess að umsóknin teljist fullnægjandi.

IV. Athugasemdir við 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um tilkynningarskyldu vegna breytinga á áður veittum upplýsingum. Fjármálaeftirlitið telur óþarft að setja nánari reglur um tilkynningarskyldu rafeyrisfyrirtækja vegna breytinga á starfseminni þar sem skýrt kemur fram í 1. mgr. að rafeyrisfyrirtækjum ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um *allar* breytingar á áður veittum upplýsingum. Lagt er til að málgreinin falli brott.

V. Athugasemdir við 20. gr. frumvarpsins

Í 5. mgr. 20. gr. frumvarpsins kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli synja um starfsleyfi ef það telur *hluthafa* eða eigendur virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtæki ekki hæfa með tilliti til traustrar og varfærinnar stjórnunar fyrirtækisins. Hér er vakin athygli á því að samkvæmt öðrum lögum sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins er ekki lagt mat á hæfi einstakra hluthafa nema að hluthafar teljist virkir eigendur, þ.e. að eignarhlutur fari yfir 10%. Er því lagt til að orðinu hluthafar sé sleppt.

VI. Athugasemdir við 25. gr. frumvarpsins

Í 6. mgr. 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið setji nánari reglur um tryggilega varðveislu fjármuna samkvæmt þessari grein. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 32/2005, um váttryggingamiðlara er kveðið á um að ráðherra setji nánari reglur um vörslufjárreikninga váttryggingamiðlara og í frumvarpi til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008, þingskjal 103 – 103. mál, er lagt til að ráðherra setji reglur um vörslufjárreikninga innheimtuaðila. Það er því eðlilegra að mati eftirlitsins að kveðið verði á um heimild *ráðherra* til að setja reglugerð um það hvernig tryggilegri varðveislu fjármuna skuli háttáð.

VII. Athugasemdir við 28. gr. frumvarpsins

Gerð er athugasemd við tilvísun *til laga þessara* í 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins. Rétt væri að



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

kveða á um lög sem gilda um starfsemi rafeyrisfyrirtækja í aðildarríkjunum, enda fá erlend rafeyrisfyrirtæki ekki starfsleyfi samkvæmt íslenskum lögum. 2. mgr. 28. gr. yrði þá svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum um framkvæmd eftirlits með starfsemi umboðsaðila, útibúa og útvistunaraðila á vegum rafeyrisfyrirtækja sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi rafeyrisfyrirtækja í þeim ríkjum.

Einnig er vakin athygli á því að það virðist sem gleymst hafi í upphaflegri vinnu við frumvarpið að gera ráð fyrir að íslensk rafeyrisfyrirtæki geti hafið starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins, sambærilegt við það sem fram kemur í 34. gr. frumvarpsins um að rafeyrisfyrirtæki með staðfestu í ríki utan EES geti hafið starfsemi hér á landi. Lagt er til að á eftir 31. gr. frumvarpsins bætist við nýtt ákvæði:

Starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Hyggist rafeyrisfyrirtæki hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

VIII. Athugasemdir við 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að í 1. mgr. vanti heimild til handa rafeyrisfyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins til að veita þjónustu hér á landi en það virðist sem að sá hluti setningarinnar hafi fallið brott við vinnslu ákvæðisins. Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur heimilað rafeyrisfyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að veita þjónustu eða opna útibú hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

IX. Athugasemdir við 46. gr. frumvarpsins

1. Breytingar á lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Gerð er athugasemd við b. lið 2. tölul. 46. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að við 15. gr. a laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka bætist nýr töluliður. Fjármálaeftirlitið vill benda á að orðalagið er mjög flókið og ekki er ljóst á hverju þessi nýi töluliður byggir.

Einnig telur Fjármálaeftirlitið að orðinu *greiðslustofnun* sé ofaukið í c. lið 2. tölul. 46. gr. frumvarpsins þar sem greiðslustofnun er nú þegar talin upp í lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. Breytingar á lögum nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við b. lið 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að við 14. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu bætist ný málsgrein um að eftirlitið setji nánari reglur um tilkynningarskyldu og málsmeðferð vegna breytinga á áður veittum upplýsingum. Að mati Fjármálaeftirlitsins er óþarft að setja reglur um tilkynningarskyldu greiðslustofnanna vegna breytinga á starfseminni þar sem skýrt kemur fram í lagaákvæðinu að greiðslustofnunum ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um *allar*



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

breytingar á áður veittum upplýsingum. Lagt er til að málsgreinin falli brott.

Einnig eru gerðar athugasemdir við c. lið 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um að við 15. gr. laga nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu bætist ný málsgrein um að ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eigi við um mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í greiðslustofnunum. Þá skuli Fjármálaeftirlitið setja nánari reglur um tilkynningarskyldu, málsmeðferð, mat á hæfi og þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu. Gerðar eru samskonar athugasemdir og við 14. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að tilkynningarskyldu vegna virks eignarhlutar sé að finna í lagaákvæðinu sjálfu og því óþarfi að setja slíkt í reglur. Einnig er litið svo á að málsmeðferðarreglur sé að finna í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og því óþarfi að setja þær í reglur. Hins vegar ef með reglum um málsmeðferð er átt við tímafresti sem tilgreindir eru í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki telur Fjármálaeftirlitið að tilvísun til laga um fjármálafyrirtæki taki til þeirra tímafresta. Jafnframt telur Fjármálaeftirlitið að ef ákvæði VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki verða einnig látin gilda um mat á hæfi virks eiganda, sbr. athugasemd við 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins, þá verði óþarft að setja reglur um mat á hæfi virks eiganda. Þá hefur Fjármálaeftirlitið þegar sett nánari viðmið um það sem greina þarf í tilkynningu um virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum og greiðslustofnunum og birt á heimasíðu eftirlitsins. Réttast væri því að kveða á um samsvarandi skyldu eftirlitsins til að setja viðmið í stað reglna varðandi greiðslustofnanir. Við 15. gr. laga nr. 120/2011, um greiðslustofnanir, myndi þá bætast ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði VI. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, gilda um meðferð virkra eignarhluta í rafeyrisfyrirtækjum og mat á hæfi virks eiganda eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið skal setja nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu.

Fjármálaeftirlitið gerir einnig athugasemdir við að í f. lið 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins (23. gr. e. laga nr. 120/2011) vanti heimild til handa greiðslustofnunum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að *veita þjónustu hér á landi*, en það virðist sem að sá hluti setningarinnar hafi fallið brott við vinnslu ákvæðisins. Lagt er til að ákvæðið verði s. svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur heimilað greiðslustofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að veita þjónustu eða opna útibú hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

Jafnframt virðist hafa gleymst í upphaflegri vinnu við frumvarpið að gera ráð fyrir að íslenskar greiðslustofnanir geti hafið starfsemi utan Evrópska efnahagssvæðisins, sambærilegt við það sem fram kemur í f. lið 4. tölul. 46. gr. frumvarpsins (23. gr. e. laga nr. 120/2011) um að greiðslustofnanir með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins geti hafið starfsemi hér á landi. Fjármálaeftirlitið leggur því til að á eftir 23. gr. e. laga nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu bætist nýtt ákvæði:



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Starfsemi utan Evrópska Efnahagssvæðisins.

Hyggist greiðslustofnun hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Berglind Helga Jónsd.
Berglind Helga Jónsdóttir